

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015, fuglaskoðunarhús á Neslandatanga.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. september 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps, frá 31. desember 1997.

Breytingin felst í því að 2 ha landbúnaðarsvæði á Neslandatanga, í landi Ytri-Neslanda, breytist í svæði fyrir þjónustustofnanir og gömul náma um 0,4 ha við Neslandaveg breytist í bílastæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Fyrir liggur samþykki sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og Umhverfisstofnunar, sbr. lög nr. 36/1974 um verndun Laxár og Mývatns í Suður-Þingeyjarsýslu, og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 21. september 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*